

# Að mála netsprungna útveggi úr steinsteypu eða múrklæðningu

## Val á efnum

Skynsamlegasti valkosturinn við málun á netsprungum í útveggjum úr steinsteypu og múrklæðningu er Alphaloxan Flex sem er teygjanleg síloxan akrýlmálning (steinsílan). Málningarfilman fylgir eftir hreyfingum sprungnanna, jafnvel við mjög lágt hitastig. Alphaloxan Flex býr einnig yfir einstökum öndunareiginleikum og ver steinefnaundirlagið gegn niðurbrotsáhrifum vatns og koldíoxíðs.

## Aðferð

1. Tryggið að sprungan sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreini.
2. Sprungur þarf að fylla með sements- og trefjastyrktu viðgerðarspartli, t.d. Husrep. Spartlið kemur í duftformi og skal blanda í hlutföllunum 4 á móti 1 af vatni.
3. Bera skal vatnsvörnina Mur-Silan (mónósílan) yfir viðgerðina.
4. Grunnið síðan með Alpha Primer Exterior (hvítur grunnur), þynntum um 10-15% af vatni eða Professional Microdispers (glær grunnur). Á mjög gljúpa og duftsmítandi fleti skal nota Professional Microdispers.
5. Ef um stærri sprungur er að ræða skal mála ríkulega yfir Husrep viðgerðirnar með Alphaloxan Flex; farið 2 umferðir ef þarf.
6. Málið loks 2 umferðir með Alphaloxan Flex.

*\*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.*



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Yfirmálun:**

Mur-Silan 48 klst.

Alpha Primer Exterior 6 klst

Professional Microdispers 3-4 klst

Alphaloxan Flex 8-12 klst

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur. Notið ekki sömu verkfæri í Mur-Silan og í málninguna

**Þekja:**

Mur-Silan 4-5 m<sup>2</sup>/l

Alpha Primer Exterior 10-12 m<sup>2</sup>/l

Professional Microdispers 8-10 m<sup>2</sup>/l

Alphaloxan Flex 7-9 m<sup>2</sup>/l

**Hreinsun:** Vatn

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



**SÉREFNI**

Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is